

Umhverfis- og samgöngunefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.03.2021
Tilv.: 2102018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Fjarskiptastofu, 506. mál.

1. Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis þann 23. febrúar 2021 þar sem eftirlitinu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um Fjarskiptastofu, 506. mál. Samkeppniseftirlitið veitti einnig umsögn um drög að frumvarpinu í tengslum við kynningu þess á samráðsgátt Stjórnarráðsins.
2. Í skýringum með frumvarpinu segir að á undanförunum misserum hafi verið gerðar miklar breytingar á regluverki á starfssviði Póst- og fjarskiptastofnunar og enn séu framundan frekari breytingar. Sem dæmi um nýlegar lagabreytingar má nefna ný póstlög nr. 98/2019, ný lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða nr. 78/2019, og lög nr. 125/2019 um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta. Þá eru nú til umfjöllunar á Alþingi frumvarp til nýrra fjarskiptalaga og frumvarp til laga um landslénið .is, sem hvort tveggja hefur áhrif á starfsumhverfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Í ljósi þessara miklu breytinga á starfsumhverfi stofnunarinnar, var það mat samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis að tímabært væri að taka til heildarendurskoðunar lög um stofnunina, með tilliti til áorðinna og fyrirsjáanlegra breytinga á verkefnum hennar, en nógildandi lög um Póst- og fjarskiptastofnun eru frá árinu 2003.

Um breytingu á stofnanaumgjörð

3. Í frumvarpinu felst breyting á stofnanaumgjörð málaflokksins, að því leyti að ný Fjarskiptastofa tekur við verkefnum Póst- og fjarskiptastofnunar á vettvangi fjarskiptamála, en verkefni á vettvangi póstmála verði falin Byggðastofnun, sbr. frumvarp þess efnis, sem liggur fyrir Alþingi, 534 mál.
4. Samkeppniseftirlitið tekur ekki afstöðu til þessara breytinga, en vill undirstrika mikilvægi þess að staðið verði vel að breytingunum og að tryggt verði með öllum ráðum að Fjarskiptastofa verði í aðstöðu til að standa vörð um þá þekkingu og reynslu sem byggð hefur verið upp á vettvangi Póst- og fjarskiptastofnunar og styrkja hana enn frekar.
5. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að á liðnum árum hefur tekist gott og skilvirk samstarf með Póst- og fjarskiptastofnun, þar sem stofnanirnar hafa haft aðgang að sjónarmiðum og sérþekkingu hvorrar annarrar, sem stutt hefur við skilvirkari stjórnarsýslu. Ekki hafa komið upp vandkvæði að því er varðar verkaskiptingu milli stofnananna og hefur túlkun þeirra á valdmörkum sínum verið staðfest þegar reynt hefur á hana.



6. Kveðið er á um samstarf og verkaskiptingu stofnananna í reglum nr. 1001/2019. Verði frumvarpið að lögum munu stofnanirnar þurfa að endurskoða þær reglur í ljósi þeirra breytinga á stofnanaumgjörðinni sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um tillögur umsagnaraðila um sameiningu stofnana og tilfærslu verkefna

7. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í umsögnum um drög frumvarpsins sem birt voru á samráðsgátt Stjórnarráðsins væri að finna tillögur þess efnis að sameina ætti Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið, en einnig komu fram athugasemdir um að ekki væri æskilegt að sameina þessar stofnanir.
8. Um framangreind sjónarmið um sameiningu segir í greinargerðinni að ekki hefði verið talið æskilegt að hafa skoðun á sameiningu þessara stofnana enda fór slík athugun fram árið 2015, en leiddi hún þó ekki til frekari aðgerða hvað þetta varðar. Megináhersla í kjölfar greiningarinnar leiddi því til þess að ákveðið var að leggja til að eftirlit með póstpjónustu yrði flutt til Byggðastofnunar og jafnframt að styrkja stofnunina til að takast á við þau verkefni sem felast í fjórðu iðnbyltingunni til þess að Ísland haldi forskoti sínu og verði áfram í fremstu röð í fjarskiptum.
9. Í greinargerðinni er einnig vikið að því að fýsileiki sameiningar þessara stofnana hafi verið metinn á árinu 2015. Fram kemur að ekki sé talið heppilegt að leggja til slíka sameiningu „*enda hefur sérhæfing Fjarskiptastofu aukist til muna með aukinni áherslu á netöryggismál. Þá leit ekki út fyrir að þessi ráðstöfun myndi reynast fjárhagslega hagkvæm í raun þegar tillögur Capacent voru teknar til skoðunar árið 2015.*“
10. Samkeppniseftirlitið tekur undir þetta mat frumvarpshöfunda og er sammála því mati að ekki sé rétt að sameina stofnanirnar enda er starfssvið og hlutverk þeirra með ólíkum hætti og verður enn ólíkara, verði frumvarpið að lögum. Einnig tekur Samkeppniseftirlitið undir umfjöllun sem finna má um þetta í kafla 3.3. í greinargerð með frumvarpi til laga um fjarskipti, þingskjal 210 – 209. mál, sem nú liggur fyrir Alþingi. Í umsögn sinni, dags. 11. júní 2020, um sama frumvarp á síðasta þingi (775. mál), fjallaði Samkeppniseftirlitið um samspil þess og Póst- og fjarskiptastofnunar og vísast hér til þeirrar umfjöllunar.

Annað

11. Í greinargerð með frumvarpinu eru raktar ábendingar Samkeppniseftirlitsins í fyrri umsögn Samkeppniseftirlitsins um drög frumvarpsins, dags. 11. febrúar 2020, vegna heimildar Fjarskiptastofu til að bera úrskurð úrskurðarnefndar um fjarskiptamál væri í höndum Fjarskiptastofu. Taldi Samkeppniseftirlitið að almennt bæri að varast að leggja of þröngan skilning í undantekningartilfelli að þessu leyti eins og segir í 20. gr. frumvarpsins, ef á reyni. Er slík framkvæmd í samræmi við sambærilega heimild Samkeppniseftirlitsins sem finna má í 1. mgr. 41. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í frumvarpinu hefur verið gerð grein fyrir framangreindu í 5. tl. í greinargerð frumvarpsins og telur eftirlitið því ekki þörf á að fjalla frekar um það.
12. Með hliðsjón af öllu framangreindu er Samkeppniseftirlitið fylgjandi því frumvarpi sem nú liggur fyrir og leggur til að það verði að óbreyttu að lögum.



Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Birgir Óli Einarsson